

Verktækni

Stéttarfélag verkfræðinga Tæknifræðingafelag Íslands Verkfræðingafelag Íslands

2. tbl. 16. árg. 2010

6

Aðalfundur KTFÍ

7

Aðalfundur SV

8

Aðalfundur TFÍ

10

Í fremstu röð

12

Aðalfundur VFÍ

18

Að taka á málum



Fulltrúar ReMake Electric tóku á móti Gullegginu. F.v. Freyr Hólm Ketilsson, Svanhildur Björk Hermannsdóttir, Hilmir Ingi Jónsson og Snorri Hreggviðsson.

ReMake Electric hlaut Gulleggið

Sprotafyrirtækið ReMake Electric hlaut frumkvöðlaverðlaun Innovit, Gulleggið, fyrir Rafskynjarann. Um er að ræða nýja kynslóð rafmagnsöryggis sem er umhverfisvænt og eykur öryggi í notkun rafmagns. Rafskynjarinn gerir kleift að lækka kostnað vegna rafmagnskaupa og einfalda greiningu bilana með aðgangi að upplýsingum um rafmagnsálag.

Fulltrúar fyrirtækisins voru gestir á Samlokufundi VFÍ og TFÍ 6. maí en þar kom fram að þessi íslenska uppfinning hefur vakið mikla athygli og mun fara á markað á næstu misserum í gegnum þekktu alþjóðlega framleiðsluaðila.

Rafskynjarinn er og virkar á sama hátt og hefðbundið rafmagnsöryggi en greinir að auki rafmagnsálag. Hægt er að fylgjast með breytingum sem geta til dæmis stafað af biluðum eða slitnum raftækjum og/eða of mörgum raftækjum tengdum við stakt rafmagnsöryggi. Rafskynjarinn sýnir upplýsingar með lituðum ljósadíóðum og gefur hljóðviðvaranir við yfirálag rafmagns sem getur fyrirbyggt eldsvoða, bilanir og skemmdir í raftækjum. Rafskynjarinn mun í framtíðinni einnig geta sent upplýsingar með þráðlausum boðum og tengst tölvu-

kerfum, hússtjórnarkerfum og hugsanlega brunavarnarkerfum.

Hilmir Ingi Jónsson, stofnandi ReMake Electric, fékk hugmyndina að Rafskynjaranum fyrir fimm árum þegar hann starfaði sem rafvirki. Rafskynjarinn nýtist fagmönnum í rafíðnaði sem greiningartæki og bætir gæðastjórnun við nýlagnir og viðhald. Almennur rafmagnsnotandi sér um leið og rafmagnstaflan er opnuð rauntímaálag í hverju rafmagnsöryggi fyrir sig. Hugmyndin er að einfalda rafmagnsmælinguna þannig að ljósadíóðurnar eru grænar, gular og rauðar sem þá vísa á eðlilegt ástand, varasamt ástand og hættuástand.

ReMake Electric er með aðstöðu í Kveikjunni, frumkvöðlasetri Nýsköpunarmiðstöðvar í Hafnarfirði. Vefsíða: www.remake.is.



Sarnafil[®] SUNDLAUGADÚKAR HEILDARLAUSNIR FYRIR SUNDLAUGAR OG HEITAPOTTA



Austursíða 2 | Pósthólf 452 | 603 Akureyri
Sími: 461 3026 | www.sarnafil.is
Netfang: ossi@sarnafil.is

d DAGBÓKIN

Rýnisferð 2010

Frá árinu 1998 hefur Tæknifræðingafélag Íslands skipulagt árlegar námsferðir á erlenda grund fyrir tæknifræðinga og verkfræðinga. Ferðir þessar hafa verið afar vinsælar og stundum færri komist að en viljað. Í ár er ferðinni heitið til Þýskalands, nánar tiltekið til Dresden, dagana 2. – 7. september. Gert er ráð fyrir allt að 60 þátttakendum í ferðina. Nánari upplýsingar eru á vefsíðum félaganna í frétt dags. 29. apríl.

Breytt netföng

Félagsmenn eru hvattir til að senda skrifstofunni upplýsingar um breytt netföng. Senda má póst á skrifstofa@verktækni.is eða hringja í síma 535 9300.

Efni á heimasíðurnar

Peir sem óska eftir að fá birtar tilkynningar, fréttir og annað efni á vefsíðum VFÍ, SV og TFÍ geta sent tölvupóst til ritstjóra Verktækni, sigrun@verktækni.is. Athugið að hægt er að nálgast pdf- útgáfu af Verktækni á heimasíðunum.

Skilafrestur

Ráðgert er að næsta tölublað Verktækni komi út í byrjun júnímánaðar. Peir sem vilja koma efni í blaðið og/eða skilaboðum til ritstjóra eru beðnir um að sena tölvupóst á sigrun@verktækni.is.

LEIÐARINN Aðalfundurir

Þetta tölublað Verktækni ber þess merki að tími aðalfunda hjá félögum verkfræðinga og tæknifræðinga er nýlega afstaðinn. Ársskýrslur félaganna eru birtar á vefsíðum þeirra.

Nýverið voru einnig haldnir aðalfundir þeirra lífeyrissjóða sem flestir verkfræðingar og tæknifræðingar eiga aðild að. Aðalfundur Lífeyrissjóðs verkfræðinga var haldinn 20. apríl og Almenni lífeyrissjóðurinn hélt sinn aðalfund 29. apríl. Því miður er það staðreynd að þessir tveir sjóðir eru mjög neðarlega á listum yfir afkomu lífeyrissjóðanna í landinu og tryggingafræðilega stöðu þeirra. Þetta má til dæmis sjá í grein í Morgunblaðinu í lok apríl.

Á báðum fyrrnefndum aðalfundum voru bornar fram vantraustillögur á stjórnir sjóðanna. Á öðrum fundinum var vantraustið samþykkt og stjórnin hvött til að segja af sér. – Það var á aðalfundi Lífeyrissjóðs verkfræðinga. Þess ber að geta að báðir þessir lífeyrissjóðir hafa þá sérstöðu að stjórn er kosin af sjóðfélögum en ekki skipuð af „aðilum vinnumarkaðarins“ eins og tíðkast um flesta lífeyrissjóði.

Ábyrgð þeirra sem sitja í stjórnnum lífeyrissjóða er mikil. Þegar illa gengur og frammi staðan ekki góð er ekki ósanngjamt að eflast til að sú ábyrgð sé öxluð. En það er fleira sem líta verður til. Það var eflaust sjónarmið margra sem studdu vantraustillöguna að nauðsynlegt væri að fá nýtt fólk að borðinu til að rýna í stöðuna og fara yfir hvað fór úrskeiðis.

Nýlegar fréttatilkynningar frá sjóðnum vekja nokkra undrun. Þar er tilkynnt um breytta verkaskiptingu innan stjórnar, að nýr stjórnarformaður hafi tekið við, en ekki er minnst á fyrrnefnda vantraustillögu aðalfundarins. Það er grundvallaratriði í góðum almannatengslum að takast á við og ræða erfið mál. Þau hverfa ekki og öll óvissa skaðar. Þetta má sjá til dæmis í umræðum á netinu þar sem fjallað er um Lífeyrissjóð verkfræðinga. Reyndar kom sama staða upp þegar framkvæmdastjórnarskipti urðu hjá sjóðnum í ársbyrjun. – Sama óvissa og þögn ríkti um það mál.

Það verður fróðlegt að sjá hvað gerist á sjóðfélagafundi Lífeyrissjóðs verkfræðinga sem hefur verið boðaður 21. maí. – Það vekur athygli að ekki er boðað til auka aðalfundar eins og búast mætti við í ljósi aðstæðna. Stjórnarmenn, hver og einn, þurfa að skýra og rökstyðja það fyrir sjóðfélögum afhverju þeir kjósa að sitja áfram.

Sigrún S. Hafstein, ritstjóri.



Heimsókn HR

Kynningar fyrir nemendur í verkfræði og tæknifræði eru fastur liður í starfsemi VFÍ, TFÍ og SV. Markmiðið er að kynna nemendum starfsemi og þjónustu félaganna. Einnig er fjallað um stöðuna á vinnumarkaði enda er iðulega mikið spurt um kaup og kjör. Myndin er tekin þegar nemendur í verkfræði við Háskólann í Reykjavík mættu á sameiginlega kynningu SV og VFÍ í marsmánuði.

VERKTÆKNI

Engjateigi 9 · 105 Reykjavík
Sími: 535 9300 · Símbref: 535 9311
Tölvupóstur: sigrun@verktækni.is

Blaðið VERKTÆKNI er gefið út af Verkfræðingafélagi Íslands, Stéttarfélagi verkfræðinga og Tæknifræðingafélagi Íslands og er dreift ókeypis til félagsmanna. Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Sigrún S. Hafstein.

Blaðnefnd: Arni Þór Arnason (TFÍ) og Bjarni Bessason (VFÍ), María S. Guðjónsdóttir (SV), auk ritstjóra.

Leyfilegt er að birta efni úr Verktækni ef heimildir er getið. Skoðanir sem settar eru fram í blaðinu samrýmast ekki endilega viðhorfum útgefenda.

Prentvinnsla: Svansprent · Mynd á forsiðu: Rafn Sigurbjörnsson · Aðstoð við útgáfu: Hænin · Sími: 55 88 100 · utgafa@utgafa.is



Kjarakönnun KTFÍ og SV 2010

Kjarakönnunum félaganna tveggja er nú lokið og eru niðurstöður væntanlegar í lok maí eða byrjun júní. Þátttakendum eru færðar bestu þakkir.

Enn þurfti að framlengja könnunina til að ná viðunandi þátttöku. Það er nauðsynlegt að félagsmenn átti sig á að niðurstöður kjarakannana er besta verkfærið sem félögin og félagsmenn hafa til að mæla markaðsstöðu sína í launum. Undirstaða markaðslaunatöflu er kjarakönnun og fyrirspurnun um markaðslaun verður ekki svarað án þeirra.

Næsta könnun verður gerð í september og verður þá spurt um mánaðarlaun og þau borin saman við febrúarlaun 2010.

Próður G. Haraldsdóttir, sviðsstjóri kjaramála.

Sumarúthlutun OSV 2010

Sumarúthlutun OSV er að ljúka en alls bærust um 180 umsóknir sem er svipaður fjöldi og árið 2009. Svo virðist sem eftirspurn eftir stærri húsum aukist stöðugt og eins er athyglisvert hve margir óska eftir orlofsdvöl á Vestfjörðum. Ljóst er að ekki verður hægt að úthluta öllum umsækjendum en OSV er með langhæsta úthlutunarhlutfall sambærilega sjóða á Íslandi.

Stjórn OSV óskar sjóðfélögum gleðilegs sumars og ánægjulegrar dvalar í sumarhúsum og öðrum dvalarstöðum.

Atvinnuleysistöður í mars

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun var svipað atvinnuleysi í röðum verkfræðinga í marsmánuði og í mánuðinum á undan. Þann mánuð fjölgaði nokkuð í röðum atvinnulausra verkfræðinga. Hjá tæknifræðingum urðu á sama tíma litlar breytingar. Í mars voru 169 verkfræðingar og 109 tæknifræðingar á atvinnuleysisrá, borið saman við að 170 verkfræðingar og 113 tæknifræðingar voru skráðir án atvinnu í febrúarmánuði.

Rétt er að geta þess skráning Vinnumálastofnunar virðist ekki óskeikul hvað varðar skráningu starfsstétta. Í ávarpi sínu á aðalfundi Stéttarfélags verkfræðinga sagði Gísli Georgsson, fráfari formaður: „Samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar voru 220 verkfræðingar á atvinnuleysisrá í maí 2009. Ef eitthvað er að marka þessar tölur er þetta tæp 9% af verkfræðingastéttinni í landinu, sem samkvæmt nýlegri úttekt Loga Kristjánssonar, fyrrum framkvæmdastjóra VFÍ, telur um 2500 verkfræðinga. 9% atvinnuleysi er ótrúlega

há tala og reyndar sumt sem benti til að hún væri ofmetin. Mat okkar í SV er að þessar tölur væru heldur ofmetnar og fjöldi atvinnulausra úr okkar hópi hafi verið nær því að vera 150 talsins á þessum tíma, sem svarar um 6%, sem er nógu slæmt. Síðan hefur staðan skánað og eru nú um 150 verkfræðingar á atvinnuleysisrá. Mat SV er þó að fjöldinn sé um 100 og hefur farið lækandi með batnandi atvinnuhorfum, en margir hafa líka horfið til starfa erlendis.“

Í töflunni hér að neðan má sjá tölur yfir fjölda atvinnulausra verkfræðinga og tæknifræðinga samkvæmt skráningu Vinnumálastofnunar.

Mánuður	Verkfræðingar	Tæknifræðingar
Mars '09	196	111
Apríl '09	216	123
Maí '09	220	124
Júní '09	200	111
Júlí '09	188	106
Ágúst '09	188	101
Sept. '09	169	97
Okt. '09	165	111
Nóv '09	155	112
Des. '09	148	113
Janúar '10	150	109
Febrúar '10	170	113
Mars '10	169	109

Átök á aðalfundi Lífsverk

– Nýr stjórnarformaður

Þann 20. apríl var haldinn aðalfundur Lífeyrissjóðs verkfræðinga. Þar bar helst til tíðinda að í lok fundar var samþykkt vantrausttillaga á stjórn sjóðsins og hún hvött til að segja af sér. Áður hafði verið samþykkt tillaga stjórnar um 10% skerðingu réttinda sjóðfélaga. Tryggingafræðileg staða sjóðsins var neikvæð um 14,8% en samþykktir kveða á um að skerða beri réttindi ef hún er neikvæð um meira en 10%. Þess ber að geta að réttindi sjóðfélaga í Lífsverk voru einnig skert um 10% í fyrra.

Á fundi stjórnar lífeyrissjóðsins, sem haldinn var 30. apríl, var samþykkt ný verkaskipting stjórnar. Bjarki A. Brynjarsson, sem kjörinn var í stjórn á fyrrnefndum aðalfundi, er nýr stjórnarformaður sjóðsins. Kristján M. Ólafsson er nýr varaformaður og Birna Pála Kristinsdóttir var endurkjörin formaður endurskoðunarnefndar. Á fundinum var einnig samþykkt að boða til sjóðfélagafundar föstudaginn 21. maí. Þar mun fráfari formaður, Sigurður Áss Grétarsson, fjalla um afskriftir og eignasafn sjóðsins og aðgerðir sem gripið var til í tengslum við hrúnið. Nýr formaður og framkvæmdastjóri munu síðan gera grein fyrir tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins, endurskoðuðum eigna- og áhættustýringareglum og framtíðarstefnu nýrrar stjórnar.

Bjarki A. Brynjarsson er fæddur 29. janúar 1966. Hann lauk Cand. Scient prófi í rafmagnsverkfræði við Háskóla Íslands 1990 og Ph.D. námi í verkfræði við Norwegian Institute of Technology árið 1995. Bjarki er löggiltur verðbréfamiðlari.




Hann starfar nú sem framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar hjá Askar Capital en áður hefur hann m.a. verið forseti Tækni- og verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík, framkvæmdastjóri hjá Nýherja og Klaki og verið forstöðumaður hjá Kaupþingi.

Hvar er þínum séreignarsparnaði best borgið?

Hugsaðu dæmið til enda

Fáðu ráðgjöf í síma 595 3400



Allianz 
– tryggir þína peninga

Aðalfundur KTFÍ

Aðalfundur Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands (KTFÍ) var haldinn 18. mars. Hér verður stiklað á stóru í ársskýrslu KTFÍ en hún er birt í ársskýrslu TFÍ sem er á vefsíðu félagsins, www.tfi.is.

Þór Sigurbórsson, formaður KTFÍ flutti skýrslu stjórnar.

Starfsárið var annasamt á ýmsum sviðum og margir félagsmenn leituðu eftir aðstoð félagsins. Einkum þó óskuðu margir eftir lögfræðiaðstoð vegna innheimtu vangoldinna launa úr Ábyrgðarsjóði launa og annarra launategdra greiðslna úr þrotabúum fyrirtækja. Einnig hafa félagsmenn óskað eftir lögfræðilítum á óeðlilegum og eða ólöglegum uppsögnum. Einstaklingsmál voru að öðru leyti leyst með aðstoð skrifstofu félagsins.

Haldnir voru 16 stjórnarfundir á starfsárinu og voru félag- og kjaramál þar fyrirferðarmest. Mikill fjöldi félagsmanna leitaði aðstoðar skrifstofunnar við gerð



Þór Sigurbórsson, formaður KTFÍ

ráðningarsamninga og öflun upplýsinga um markaðslaun tæknifræðinga. Skrifstofan vann að því að tryggja félagsmönnum iðgjaldagreiðslur í sjúkra- og orlofssjóð félagsins en margir vinnuveitendur höfðu sleppt þeim greiðslum þar sem félagsmenn skiluðu félagsgjaldi sínu sjálfir.

Kjarasamningar

Kjarasamningur KTFÍ við Félag ráðgjafarverkfræðinga (FRV) ákvarðar kjör langflestra félagsmanna og var samið um framlengingu á honum í desember 2007 og var samið aftur í júní 2008 með gildistíma til 30. apríl 2009. Aðrir kjarasamningar á einkamarkaði gilda til loka árs 2010.

Kjarasamningar á opinberum vinnu-markaði voru lausir í byrjun vetrar 2008 og voru gerðir skammtímasamningar við ríki, Reykjavíkurborg og Launanevnd sveitarfélaga.

Félagafjöldi

Í mars 2010 voru félagsmenn KTFÍ 927. Þar af starfa um 200 hjá ríkinu og opinberum hlutafélögum, 57 hjá Reykjavíkurborg og hlutafélagsvæddum stofnunum borgarinnar, um 40 starfa hjá öðrum sveitarfélögum og um 630 starfa á almennum vinnu-markaði.

Stjórn KTFÍ

Stjórn KTFÍ er skipuð eftirtöldum: Þór Sigurbórsson, formaður, Jón Ísaksson Guðmann, Haraldur Sigursteinsson, Árni Þór Árnason, Samúel Smári Hreggviðsson, Karl Jensson og Vilberg Tryggvason. Varamenn eru Hreinn Ólafsson og Bjarni Bentsson.

KTFÍ er deild innan Tæknifræðingafélags Íslands en hefur fullt sjálfstæði til að vinna að bættum kjörum félagsmanna á hvern þann hátt sem landslög leyfa. Í því skyni fer félagið með samningsrétt fyrir hönd félagsmanna sinna um launakjör. Félagið hefur sjálfstæðan fjárhag.

Kælikerfi fyrir öll tölvurými!

Margar stærðir, útfærslur og mikið rekstraröryggi.



Stulz þjónustubifreið



Rafstjórn hefur yfir að ráða þjónustubifreið af bestu gerð. Billinn er mjög vel búinn verkfærum í samræmi við kröfur framleiðenda Stulz kælikerfanna. Billinn er nánast eins og verkstæði á hjólum og bætir því möguleika okkar á að veita góða þjónustu.

RST **RAFSTJÓRN ehf.**
Virgni loftræstikería
er okkar lag!

Aðalfundur SV

Aðalfundur Stéttarfélags verkfræðinga var haldin 23. apríl. Hér verður stiklað á stóru í ársskýrslu félagsins fyrir starfsárið 2009-2010. Ársskýrslan er birt í heild á vefsíðu SV: www.sv.is

Ársreikningur

Rekstrarhagnaður ársins nam rúmum 1,7 milljónum króna en rekstrartekjur voru rúmlega 24,4 milljónir króna. Heildareignir í lok ársins samkvæmt efnahagsreikningi námu tæpum 92,7 milljónum en heildarskuldir rúmum 73,4 milljónum á sama tíma. Eigið fé var því jákvætt um rúmar 19,3 milljónir króna. Á aðalfundinum var samþykkt samhljóða að hækka félagsgjöldin um 200 krónur á mánuði.

Félagafjöldi

Á árinu 2009 gengu 106 nýir félagsmenn í SV að meðtöldum ungfélögum. Um miðjan mars 2010 voru skráðir félagar 1414 þar af voru konur 244 eða 17% félagsmanna.

Lögfræðiaðstoð

Gjörbreyttu umhverfi á vinnuarkaði fylgir aukning í lögfræðipjónustu sem SV veitir.

Gjaldprot fyrirtækja og kröfur í Ábyrgðarsjóð launa er hluti þessa svo og ráðgjöf varðandi ráðningarsamninga sem nú reynir á sem sjaldnast fyrr. Greiddar voru rúmar 3,2 milljónir í lögfræðiaðstoð árið 2009, sem er um 50% herra en árið áður. Lögfræðiaðstoð SV er einn af hornsteinum félagsins og erfitt að sjá kostnað vegna hennar fyrir.

Samstarf og rekstur annarra félaga

Stéttarfélag tölvunarfræðinga. SV hefur í rúm tíu ár séð um rekstur Stéttarfélags tölvunarfræðinga (ST). Nú eru um 108 tölvunarfræðingar í ST. Ekki eru gerðir kjarasamningar fyrir félagið en félagsmenn eru tölvunarfræðingar utan kjarasamninga sem gera einstaklingsbundna ráðningarsamninga.

Félag tæknimanna hjá Landsvirkjun. Frá árinu 2004 hefur SV séð um rekstur Félags tæknimanna hjá Landsvirkjun (FTL) sem er stéttarfélag tæknimanna hjá Landsvirkjun og Landsneti. Félagið er samningsaðila þessara starfsmanna gagnvart fyrirtækjunum. Félagsmenn eru 66 og nokkrir þeirra einnig félagar í SV. Í félaginu eru auk verkfræðinga, tæknifræðingar, tölvunarfræðingar o.fl. Félagsmenn FTL greiða í orlofssjóð SV.

Stéttarfélag byggingarfræðinga. SV hefur síðan í september 2005 rekið Stéttarfélag byggingarfræðinga (SFB). Félagsmenn greiða í sjúkra- og orlofssjóð SV og eru allir með einstaklingsbundna ráðningarsamninga. Félagar eru nú um 113. Samningur félaganna er mjög hagstæður fyrir báða aðila og fellur vel að starfsemi SV.

Ávarp formanns

Gísli Georgsson formaður SV flutti skýrslu stjórnar. Hann sagði m.a.: „Í erfiðu árferði er auðvitað mikilvægt að þjónusta félagsins sé góð og þau úrræði, sem það hefur til að styðja við bakíð á sínum félagsmönnum, séu til reiðu og félagsmenn upplýstir um þau úrræði sem í boði eru. Nýjar hugmyndir um leiðir fyrir SV um stuðning við okkar félagsmenn hafa verið til umfjöllunar á árinu. M.a. er verið að vinna að samningsgerð við íslensk tryggingafyrirtæki um að bjóða félagsmönnum góð kjör í tryggingum, betri en áður hefur þekkt héraendis og er fyrirmyndin sótt til kollega okkar í Danmörku. Þar njóta verkfræðingar betri kjara á tryggingarkaði í gegnum sitt hagsmunafélag IDA, en nokkur annar hópur þar í landi enda afar hagstæður hópur í tryggingaviðskiptum. Við væntum þess að geta síðar á þessu ári byrjað að bjóða félagsmönnum okkar hagkvæmar tryggingar og er stefnt að því að ná fram hagræðingu, sem nemur a.m.k. tvöföldum félagsgjöldum að meðaltali.“

Gísli nefndi einnig samstarf og hugsanlega sameiningu félaga verkfræðinga: „Sameiginlegur skrifstofurekstur SV, VFÍ



Kári St. Karlsson nýr formaður SV og Gísli Georgsson fráfarandi formaður.

og TFÍ hefur gert það kleift að veita félagsmönnum stéttarfélagsins betri daglega þjónustu vegna samlegðaráhrifa og gert félagið sýnilegra á margan hátt. Mín skoðun er að ljúka skuli sameiningu verkfræðinga, sem fyrst í eitt öflugt hagsmunafélag. Það þýðir ekki að ástæða sé til að slá slöku við í starfi stéttarfélagsins enda mörg mikilvæg mál enn í deiglu og við stór vandamál að glíma varðandi kjaramál okkar. Má þar nefna launalækkanir, vinnutímastyttingu og aðra kjararármun, auk atvinnuleysisins, sem rætt er um hér að ofan. Allir almennir kjarasamningar SV, þ.e. við FRV, ríkið og sveitarfélög eru lausir og hafa engar viðræður verið í gangi um nýja kjarasamninga síðan á síðasta ári, nema við FRV. Hér þarf að setja markið hátt og stefna á frágang kjarasamninga með kjarabótum til okkar félagsmanna. Íslenskir verkfræðingar eru alþjóðleg starfsstétt með viðurkennd starfsréttindi í flestum löndum heims og því er eðlilegt að við berum kjör okkur saman við það sem best gerist annars staðar og gerum kröfur um síst lakari kjör, þó við viljum búa á Íslandi.

Ný stjórn SV

Kári St. Karlsson var kosinn formaður SV. Auk hans eru í stjórn SV: Auður Ólafsdóttir, Árni Ísberg, Halldór Árnason, Jenný Rut Hrafnadóttir, Kristín Berg Bergvinsdóttir, Kristján Sturlaugsson, Sólveig K. Sigurðardóttir og Sveinn V. Árnason.

MAKING MODERN LIVING POSSIBLE



Danfoss stjórnubúnaður fyrir hitakerfið
 Ofnhitastillar • Gólfhitastýringar • Þrýstistillar
 Hitastillar • Mótrolkar • Stjórnstöðvar
 Varmaskiptar soðnir og boltaðir
 Úrval tengigrinda á lager

Danfoss

Danfoss stjórnubúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaerslunum landsins
 Danfoss hf. • Skútuvogi 6 • 104 Reykjavík • Sími: 510 4100 • vefang: www.danfoss.is

Aðalfundur TFÍ

Aðalfundur Tæknifræðingafélags Íslands 2010 var haldinn 25. mars. Hér verður stiklað á stóru á ársskýrslu félagsins fyrir starfsárið 2009-2010. Ársskýrslan með ársreikningum er birt í heild á vefsíðu TFÍ: www.tfi.is.

Ársreikningur

Samkvæmt rekstrarreikningi nam rekstrarhagnaður ársins rétt rúmum 1,4 milljónum króna en rekstrartekjur námu tæpum 18,8 milljónum króna. Fjárhagsstaða TFÍ er góð. Heildareignir í lok ársins samkvæmt efnahagsreikningi námu rúmum 16,2 milljónum króna en heildarskuldir voru á sama tíma tæpar 8,3 milljónir króna. Eigið fé félagsjóðs var því jákvætt um rúmar 7,9 milljónir króna. Veltufjármunir í árslok voru tæpum 7,4 milljónum króna hærri en skammtímaskuldir. Á aðalfundinum var samþykkt að félagsgjöld verði óbreytt.

Skýrsla stjórnar

Í ársskýrslunni er ávarp Bergþórs Þormóðssonar, formanns TFÍ. Þar segir hann meðal annars: „Miklar sviptingar urðu á vinnumarkaði tæknifræðinga á liðnu ári. Fjöldi starfa var lagður niður og atvinnuleysi jókst. Aldrei fyrr í sögunni hafa jafn margir tæknifræðingar verið án atvinnu um



Bergþór Þormóðsson, formaður TFÍ.

lengri tíma eins og nú. Aldrei fyrr hafa tæknifræðingar þurft að sæta viðlíka aðhaldsaðgerðum af hálfu vinnuveitenda, en þar á ég við aðhaldsaðgerðir opinberra stofnana og fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga. Þessum stofnunum og fyrirtækjum hefur verið gert að hagræða og endurskipuleggja starfsemi sína og ná fram um

10% hagræðingu og lækkun rekstrarkostnaðar.

Félagið hefur ekki farið varhluta af þeim mikla umsnúningi sem orðinn er á vinnumarkaði. Byggingariðnaðurinn hefur nánast verið lagður af með þeim afleiðingum að mörg þjónustufyrirtæki standa uppi verkefnalítill. Verkfæðistofur, sem eru stór vinnuveitandi tæknifræðinga, hafa þurft að segja upp fjölda starfsmanna. Mjög erfitt er að sjá á eftir þekkingu og reynslu sem með þessum hætti fer frá fyrirtækjunum.

Fjöldi tæknifræðinga hefur leitað til félagsins um aðstoð vegna breytinga eða vanefnda á kjarasamningum. Einnig hafa þó nokkrir leitað til félagsins vegna áforma um að hefja störf erlendis. Skrifstofa félagsins hefur haft í mörg horn að líta vegna þessara breyttu aðstæðna. Þeim tæknifræðingum sem leitað hafa til skrifstofu félagsins er ljóst hversu mikilvægu hlutverki hún gegnir við öflun og miðlun upplýsinga.“

Menntunarnefnd

Menntunarnefnd TFÍ hélt átta fundi á starfsárinu. Nefndin fjallar um umsóknir um inngöngu í TFÍ, leyfi til að nota starfsheitið tæknifræðingur eða endurinnkomu í félagið. Nokkuð dró úr umsóknum nýrra félaga frá fyrri árum. Mikil fjölgun var á umsóknum um starfsheiti án þess að sótt væri um inngöngu í félagið. Af 51 umsókn voru 23 tæknifræðingar samþykktir sem fullgildir félagar í TFÍ. Í skýrslu Menntunarnefndar sem rituð er af formanni nefndarinnar Jóhannesi Benediktssyni segir m.a. „Meiri hluti þeirra sem sækja um leyfi til að kalla sig tæknifræðing falla undir hefðbundnar skilgreiningar í véla-, rafmagns- eða byggingartæknifræðinga. Hins vegar er sífellt algengara að fólk sækir nám utan þessara greina. Ég tel að félagið eigi að huga að því á næsta starfsári að skilgreina betur hvaða nám þeir verði að hafa sem vilja kalla sig tæknifræðinga.“

Ný stjórn TFÍ

Bergþór Þormóðsson var endurkjörinn formaður TFÍ. Aðrir í stjórn eru: Jón Arnarson, varaformaður, Helgi Pétursson, Benedikt Halldór Halldórsson, Þorleifur Magnús Magnússon og Anna Elín Jóhannsdóttir, varamaður auk eins fulltrúa frá KTFÍ annars vegar og STFÍ hins vegar.

Íðorðabók um umhverfistækni - Tímamótaverk í íðorðafræðum

Fyrir nokkru kom út Íðorðabók um umhverfistækni á vegum Orðanefndar byggingarverkfræðinga (OBVFÍ).


Í ritinu *Íslenskt mál og almenn málfræði* sem gefið er út af Íslenska málfræðifélaginu birtist afar jákvæður dómur um bókina. Þar segir að um tímamótaverk sé að ræða í íðorðafræðum á Íslandi sem vandað hafi verið til á allan hátt.

Í bókinni *Umhverfistækni íðorðabók* er að finna rúmlega 1200 hugtök sem lúta að umhverfismálum frá sjónarhóli verkfræðinga og annars tæknimenntaðs fólks. Í orðasafninu eru fjölmörg nýyrði, samin af kostgæfni, ásamt hnitmiðuðum skilgreiningum hugtaka. Auk íslensku eru hugtökin á dönsku, ensku, sænsku og þýsku.

„Hér um eigulega bók að ræða sem nýttist tæknifólki afar vel til að temja sér vandaða og samræmda málnotkun. Íslensk tækniorð og hugtök eru þýdd á þau fjögur erlendu tungumál sem eru hvað mest notuð í störfum verk- og tæknifræðinga.“ *Ingunn Sæmundsdóttir, forstöðumaður grunnnáms Tækni- og verkfræðideildar HR.*

„Bókin er mikill fengur fyrir stúdenta og kennara í faginu þar sem hún leggur grunn að faglegri umfjöllun á íslensku um mikilvægt svið verkfræðinnar. Þannig er betur tryggt að nemendur noti samhæft íslensk hugtök strax í upphafi starfsferils síns og stuðlar einnig að réttri notkun og skilningi erlendra hugtaka.“ *Sigurður Magnús Garðarsson, forseti Umhverfis- og byggingarverkfræðideildar Háskóla Íslands.*

Bókin *Umhverfistækni – Íðorðabók* fæst á skrifstofu Verkfræðingafélags Íslands, Engjateigi 9, og kostar 3.500 kr. Félagsmenn fá hana á 3.000 kr. Hægt er að panta bókina með því að senda póst á skrifstofa@verktækni.is eða hringja í síma: 535 9300.





Náðu utan um verkefnin!

MPM, meistaranám í verkefnastjórnun

- Spannandi kostur fyrir þá sem hafa áhuga á mjög hagnýtu stjórnunarnámi.
- Alþjóðleg vottun í verkefnastjórnun í umboði alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaga (IPMA).
- Skemmtilegir nemendur og heimspekkir kennarar.
- Opnar starfsvettvang víða í íslensku samfélagi og um allan heim.
- Tveggja ára nám samhliða starfi.

Umsóknarfrestur er til 17. maí

Nánari upplýsingar um MPM-námið færðu á mpm.is

Vor í íslenskri verkefnastjórnun

Ráðstefna um verkefnastjórnun verður haldin á Hótel Sögu föstudaginn 21. maí kl. 13–17.

Áslaug Haraldsdóttir, vélaverkfræðingur:

Í fremstu röð á sínu sviði

Áslaug Haraldsdóttir vélaverkfræðingur var nýverið sæmd heiðursmerki Verkfræðingafélags Íslands. Hún starfar hjá Boeing í Bandaríkjunum og stýrir rannsóknum í flugumferðarstjórn og er þekkt á alþjóðavettvangi fyrir störf sín. Áslaug segist ekki hafa galdið fyrir það að vera kona í karlaheimi verkfræðinnar enda sé hún ákveðin og fylgin sér.

- Þegar á móti blæs og hún vill að það sé tekið mark á hennar sjónarmiðum, þá klæðist hún rauðu!

Hjá Boeing starfa um 158 þúsund manns og fjölmargir afar færir tæknimenn. Fyrir þá starfsmenn sem hafa ekki á hug á frama í stjórnun heldur innan fræðanna þá býður Boeing upp á það sem kallast „technical fellowship“. Áslaug vonast til að ná efsta stigi innan þess sem fyrst. Það er mikil áskorun því þar eru einungis um 70 stöðugildi.

Áslaug hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir störf sín. Síðastliðið haust hlaut hún æðstu viðurkenningu samtaka kvenverkfræðinga í Bandaríkjunum, Society of Women Engineers (SWE), fyrir störf sín sem verkfræðingur og framlag til þróunar flugkerfa.

Get þetta eins og strákar?

Áslaug var önnur í röð íslenskra kvenna til að útskrifast með próf í vélaverkfræði. Nítján ára hóf hún nám í verkfræði við Háskóla Íslands, gift með eitt barn.

En afhverju valdi hún verkfræði?

„Ég ætlaði nú alltaf að leggja tónlistina fyrir mig. Ég spilaði á þverflautu og var á tónlistarsviði í MH, ætlaði í einleikaranám og var meira að segja búin að velja skóla í Bretlandi. En á þriðja ári í menntaskólanum áttaði ég mig á því að til að verða verulega góður flautuleikari þá þyrfti ég að æfa marga klukkutíma á dag og ég gerði mér grein fyrir að ég hefði ekki þolinmæði til þess og sá að líf tónlistarmannsins myndi ekki eiga við mig“, segir Áslaug og hlær. „Ég náði mér í kennsluskra Háskólans og las hana spjaldanna á milli. Ég var búin að útiloka allt annað þegar kom að vélaverkfræðinni, sem byggist mikið á stærðfræði og eðlisfræði og þeim fögum hafði ég gaman af. Pabbi var bifreiðasmiður og mjög klár í öllu sem við kom véllum. Ég hugsaði með mér að þarna væri tækifæri til að sýna honum og bróður mínum að ég gæti líka lært um vélar. – Og þar með var ákvörðunin tekin.“

Áslaug segist alltaf hafa haft gaman af stærðfræði og eðlisfræði. „Það eina sem ég var ekki góð í var saga og reyndar kom

í ljós síðar að efnafræðin vafðist fyrir mér. Ég lauk stúdentsprófi á tónlistarsviði á þremur árum og bætti síðan við einu ári til að fá stúdent á eðlisfræðisviði. Þann vetur fæddist dóttir mín og þetta var vissulega stundum erfitt.“

Hvað fannst foreldrum þínum um þá ákvörðun að fara í verkfræði?

„Þau voru algjörlega á því að stelpur ættu að fara í nám og stefna að góðum atvinnumöguleikum, rétt eins og strákar. Mamma hefur alla tíð verið mjög stolt af mér og að vissu leyti hefur hún lifað sína drauma í gegnum mig. Hún hafði ekki tók á að fara í langskólanám eins og hún hefði svo mjög viljað. Það var því stór stund fyrir okkur báðar þegar ég tók á móti viðurkenningu Samtaka kvenverkfræðinga í Bandaríkjunum. Athöfnin fór fram á fjölmönnum galakvöldverði þar sem ég var heiðursgestur og það var alveg einstakt að vera með mömmu og börnunum mínum þetta kvöld.“

Áslaug hóf nám í vélaverkfræði við Háskólann og auk hennar byrjuðu fjórar aðrar stelpur í verkfræði þetta haust. „Við lukum allar verkfræðináminu. Það var slæðingur af stelpum í öðrum raungreinum sem voru með okkur í kúrsum því fyrsta árið lærðum við aðallega stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði. Kennararnir tóku mjög vel á móti okkur og ég varð aldrei vör við nokkurt hik eða fordóma. Þegar kom upp á annað ár, og kúrsar í verkfræði tóku við, vorum við í rauninni eins og fjölskylda. Hvert svið hafði eigin kennslustofu og við fengum mjög góðan stuðning frá kennurunum.“

Áslaug Haraldsdóttir, f. 21. október 1956 í Reykjavík.

Námsferill Stúdent frá MH, af tónlistarsviði 1975 og eðlisfræðisviði 1976. Próf í vélaverkfræði frá HÍ 1980. M.Sc.-próf í vélaverkfræði frá Oklahoma State University, Stillwater 1982. Ph.D.-próf í vélaverkfræði frá The University of Michigan, Ann Arbor 1987. Titill ritgerðar: Performance improvement by derivative feedback in linear systems.

Starfsferill Applied Dynamics International, Ann Arbor, Michigan, Senior Applications Engineer 1987-88, Senior Staff Engineer 1988-89. University of Washington, Seattle, 1989-91, Assistant Professor of Mechanical Engineering. Sérfræðingur hjá Kerfisverkfræðistofu HÍ 1991-95, í hálfri dósentstöðu í verkfræði 1992-93. The Boeing Company, Seattle, Principal Engineer, ATC Systems Analysis



Áslaug með viðurkenningarskjal VFÍ.

Á þessum tíma varstu með lítið barn. Hvernig gekk það?

„Það gekk í rauninni ótrúlega vel. Maðurinn minn fyrrverandi tók mesta ábyrgðina á uppeldinu og að því leyti var ég einstaklega heppin. Á þessum tíma og reyndar alla tíð hefur fólk í kringum mig stutt hvert annað og það er það sem skiptir máli þegar upp er staðið.“

Að loknu verkfræðináminu hér heima lá leið Áslaugar í framhaldsnám til Bandaríkjanna. Reyndar með dálitlum út úr dúr því upphaflega ætlaði hún til Frakklands eftir þriðja árið. Þá kom í ljós að skólinn mat námið hér heima aðeins sem eins árs nám þannig að hún hætti við og lauk fjórða árinu í HÍ og hélt svo sem fyrr segir til Bandaríkjanna. „Ég hafði hug á að fara í

frá 1995, Assistant Technical Fellow 2001, Technical Fellow 2003.

Viðurkenningar Námsstyrkur úr sjóði Thor Thors, Íslensk-Ameríska félagið 1980-81. The University of Michigan, 1985-86: Outstanding Mechanical Engineering Graduate Student, the Rackham Predoctoral Fellowship and the Marian Sarah Parker Memorial Award. Amelia Earhart Fellowship, ZONTA International, 1984-85. Society of Women Engineers, Achievement Award, 2009. Heiðursmerki Verkfræðingafélags Íslands 2010.

Áslaug hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir vísinda- og tæknigreinar sem hún hefur ritað en þær eru ríflega 80.

Society of Women Engineers: www.swe.org

MIT en þegar ég sá hvað skólalagjöldin voru há þá hætti ég við," segir Áslaug og hlær. Leiðin lá því í Oklahoma State University, sem einnig bauð upp á sérhæfingu í vökvastýrikerfum. „Þetta er mjög góður skóli í verkfræðigreinum, en mikið menningarsjokk að koma til Oklahoma. Ég stakk í stúf við flestar konur í skólanum, þær voru yfirleitt í kvennagreinum og lögðu mikið upp úr því daglega að hafa sig til. Við vorum bara þrjár konurnar í mastersnámi í verkfræði. Mér er minnstætt að sem aðstoðarkennari kynntist ég mjög duglegri stúlku frá Oklahoma sem var í undergraduate námi í vélaverkfræði og í hvert sinn sem hún fór heim til foreldranna fékk hún skammir frá þabba sínum fyrir að eyða tímanum í kallanám. - Henni væri nær að læra að verða ritari svo hún gæti fengið vinnu.“

Doktorspróf í stýritækni

Áslaug sérhæfði sig í stýritækni. Það kom til af því að í sumarvinnu sem verkfræðinemi vann hún við að breyta togara í hafrannsóknaskip. „Það voru vandamál með vökvastýritækin og þá þurfti að kalla til sérfræðinga frá Danmörku. Þetta fannst mér ómögulegt og leitaði uppi kúrsa í þeim fræðum. Ég lærði semsagt stýritækni og lauk seinna doktorsprófi í fræðilegri stýritækni. Að því loknu réði ég mig til tölvufyrirtækis í Ann Arbor sem sérhæfði sig í hermunartölvum og sérstöku forritunarmáli fyrir rauntímaherminum. Um var að ræða hermun á alls konar kerfum, til dæmis kjarnorkuverum, flugskeytum og flugvélum. Þetta voru stór kerfi þar sem notuð var rauntíma hermun til að prófa stýritækin áður en þau voru tengd við kerfið sjálft.“

Áslaug fékk prófessorsstöðu við University of Washington í Seattle og var þar árin 1989-91. „Á þessum tímupunkti lauk seinna hjónabandi mínu og ég flutti heim með strákinn okkar sem var fimm ára. Við meðgignin vorum hér heima í þrjú ár en það var frekar erfitt atvinnuástand fyrir verkfræðinga á þessum tíma og ég sá að tækifærin væru mun meiri úti í Bandaríkjunum og sonur minn gæti verið nær þabba sínum.

Hér heima vann ég reyndar við spennandi verkefni. Ég vann við hermun á Nesjavallavirkjun og síðar við flugumferðarherminn sem þróaður var á Kerfisverkfræðistofu Háskólans. Í framhaldi af þeirri vinnu fór ég að stúdera flugumferð og dýnamíkina í kringum hana.

Hjá Kerfisverkfræðistofu unnum við með úthafsumferðina yfir Atlantshafið. Hún er allt öðruvísi en innanlands-umferð því það eru ekki notaðar ratsjár. Flugumferðarstjórnir sjá ekki flugvélnarar á ratsjárskjá heldur fá þeir þeir staðar-ákvörðunina uppgefna frá flugmönnum sem melda sig inn á vissum tíma. Við fengum meðal annars það verkefni að þróa ratsjárfluggagnahermi fyrir tékknesku flugumferðarstjórnina, og bættum þá við líkönum

af ratsjárkerfum inn í herminn og Tékkarnir notuðu hann síðan til að prófa nýtt flug-gagnakerfi sem var þróað í Frakklandi.“

Til Boeing á krepputímum

Sem fyrr segir tók Áslaug þá ákvörðun að halda aftur til Seattle. Þar var reyndar líka kreppa á vinnumarkaði og mikill niðurskurðar. „Til dæmis þurfti Boeing að segja upp tugum þúsunda starfsmanna og í sama mánuði og þeir réðu mig í vinnu fóru níu þúsund starfsmenn á eftirlaun fyrir tímann.“

Það var þekkingin á flugumferðarkerfum sem opnaði dyrnar hjá Boeing og nýtt verkefni í Kína réði úrslitum. Á þessum tíma var verið að endurnýja flugumferðarstjórnarkerfi í Kína. Það þurfti að byrja á því að kenna flugumferðarstjórnunum ensku og að nýta sér ratsjártæknina. Verkefni Áslaugar tengdust fyrst og fremst rekstri og skipulagi, með sérfræðingum sem höfðu unnið sinn starfsferil fyrir Flugumferðarstjórn Bandaríkjana. Hún segir að það hafi komið sér vel því þarna hafi hún lært mjög mikið um grundvallaratriði kerfanna og hvernig þau eru sett upp en fræðilega séð hafi þetta ekki verið sérstaklega spennandi.

Á réttir hillu

Það fór svo að Áslaug komst á sína réttu hillu þegar hún fór að vinna að framtíðarverkefnum í þróun flugumferðarstjórnarkerfa. „Boeing hvorki framleiðir né rekur flugumferðarstjórnarkerfi en við vinnum að því að þróa það sem er kallað „avionics“ búnaður í flugvélunum. Það er semsagt siglinga- og leiðsögutækni, lendingarbúnaður, samskipti, eftirlitskerfi og árekstrarvarnir. Spurningin hjá markaðsdeildinni er alltaf: Hvað eigum við að gera næst, hvaða nýju tækni eigum við að bjóða? Markmiðið er að gera flugumferðarstjórnina betri, auka afköst og öryggi. Þetta er mjög aðkallandi í dag því það eru mikil þrengsli í kringum stóra flugvelli. Þá gerir Boeing ráð fyrir að umferðin tvöfaldist á næstu tuttugu árum, markmiðið er jú að selja fleiri flugvélar.“

Flugsamgöngukerfi heimsins er ógnarstórt. Á hverju ári eru flugfarþegar 1,8 milljarður og um 40% af allri framleiðslu er flutt milli staða með flugi. Gert er ráð fyrir að bæði farþega- og vöruflutningar með flugi muni aukast umtalsvert á næstu 20 árum.



Áslaug með fjölskyldunni þegar hún hlaut viðurkenningu SWE.

Nú er stundum talað um að konur í karlagreinum eigi erfitt uppdráttar. Er það þín reynsla?

„Mín upplifun sem kona í verkfræði hefur alla tíð verið jákvæð. Ég held að þetta fari eftir einstaklingum, sjálf er ég líklega harðjagl. Ég er ekki upptekin af því að ég er kona í karlaheimi. Ég er ákveðin, hörð og dugleg við að ryðja hindrunum úr vegi. Auðvitað lendir maður í því að vinna með fólki sem er alls ekki skemmtilegt að vinna með. Ég hef lent í ýmsu á mínum starfsferli og ég upplifi þetta þannig að það er mikil pólitík í þessu öllu saman. Sumir eru einfaldlega að gera eitthvað allt annað en að vinna vinnuna sína. Þeir eru alltaf að ota sínum tota og þá gjarnan með því að skemma fyrir öðrum. Þegar maður lendir í slíkum aðstæðum er rétt að gera eitthvað í málunum og færa sig til. Fyrstu sex árin hjá Boeing voru mjög skemmtileg. Ég vann með góðu fólki þar sem allir voru á þeirri línu að gera sitt besta og meta starfsfélagana að verðleikum. Síðan fór ég í nýja deild og þá tók allt annað við. Ég var í rauninni í tvö ár að átta mig á hvað var í gangi og að þarna gæti ég ekki verið. Það tók mig eitt ár að komast í þetra umhverfi aftur. Ég myndi segja að í þessari aðstöðu var alveg jafnt troðið á körlum og konum. Kynið skipti þar engu máli. Ég var mjög ákveðin og ef ég vissi að ég ætti að mæta á fund þar sem ég myndi lenda í átökum þá fór ég í rauðan jakka," segir Áslaug og hlær. „Kannski hjálpar það stundum að vera kona. Það er tekið eftir manni og það getur komið sér vel að vera í minnihluta ef maður er klár og duglegur og hikar ekki við að tala sínu máli.“

Tilvitnun í umsögn SWE um störf Áslaugar þegar hún hlaut viðurkenningu félagsins:

For accomplishment in and significant contributions to air traffic management, communication, navigation, and surveillance system design, greatly influencing the future worldwide air traffic management systems.

At Boeing Dr. Haraldsdottir leads a team of experts in developing ATM operating

concepts and modeling methods to improve system capacity, safety, and efficiency and reduce environmental impact. Her ATM toolset architecture has become an industry standard and has captured the interest of the FAA, NASA, and the International Civil Aviation Organization.

Aðalfundur VFÍ

Aðalfundur Verkfræðingafélags Íslands 2010 var haldinn 17. mars síðastliðinn. Hér verður stiklað á stóru í ársskýslu félagsins fyrir starfsárið 2009-2010. Ársskýrslan með ársreikningum er birt í heild á vefsíðu félagsins: www.vfi.is



Jóhanna Harpa Árnadóttir
formaður VFÍ.

umfjöllun um eina ekki lokið. Heildarfjöldi umsókna var mun minni á síðasta starfsári en næstu þrjú ár þar á undan.

Menntamálanefnd VFÍ fjallaði einnig formlega um 16 umsóknir um inngöngu í SV fyrir stjórn þess félags. Þar af voru 13 samþykktar, 2 var hafnað og ein var dregin til baka.

vinna að málinu og finna því vænlegan farveg.

Vinna hófst við endurskoðun síðareglna VFÍ. Í október 2009 var haldið málþing og vinnufundur í mars 2010. Sagði Jóhanna afraksturinn ríkulegan og veganesti nefndar sem er ætlað að leggja fram endurskoðaðar síðareglur félagsins á aðalfundi 2011.

Félagsmönnum hefur fjölgað jafnt og þétt frá árinu 2000 en heldur hefur hægt á. Sagði Jóhanna augljóst að val margra stæði á milli fagfélagsins og stéttarfélagsins. Samstarfið við SV og TFÍ hafi gengið mjög vel og því sé rétt að kanna hvort ekki sé að skapast grundvöllur fyrir sameiningu SV og VFÍ.

Jóhanna lauk máli sínu með því að þakka starfsfólki og framkvæmdastjóra VFÍ fyrir vel unnin störf. Þá þakkaði hún stjórn VFÍ, nefndarmönnum og öðrum félagsmönnum fyrir samstarfið á liðnu starfsári.

Ársreikningur

Rekstrarhagnaður ársins var rúmar 1,2 milljónir króna en rekstrartekjur námu tæpum 19,5 milljónum króna. Fjárhagsstaða VFÍ er góð. Heildareignir í lok ársins samkvæmt efnahagsreikningi námu tæpum 24,5 milljónum króna en heildarskuldir voru á sama tíma rúmar 8 milljónir króna. Eigið fé félags sjóðs var því jákvætt um tæplega 16,5 milljónir króna. Fundurinn samþykkti tillögu stjórnar um að félagsgjöld verði óbreytt.

Menntamálanefnd

Af 41 umsókn um inngöngu í félagið voru 36 umsóknir samþykktar en 4 var hafnað og umfjöllun um eina var ekki lokið þegar aðalfundur var haldinn. Alls voru 9 umsóknir um ungfélagaaðild samþykktar. Af 66 umsóknum um starfsheitið voru 58 umsóknir samþykktar, 7 var hafnað og


Ávarp formanns

Í ávarpi sínu sagði Jóhanna Harpa Árnadóttir að starfsemi félagsins væri blómleg, bæði faglegir og félagslegir þættir. Hún gerði að umtalsefni söluna á húseign félagsins að Engjateigi 7, sem samþykkt var á aðalfundi 2009. Hún rakti hver staðan hefði orðið ef húseignin hefði ekki verið seld. Taldi hún augljóst að ákvörðunin hafi verið rétt og til hagsbóta fyrir félagið.

Jóhanna sagði frá því að í nóvember 2009 kom út skýrsla nefndar sem skipuð var til að endurskoða reglur um Gerðardóm VFÍ. Skýrslan ber yfyrskriftina: Sáttaleiðir í mannvirkjagerð og framtíð Gerðardóms Verkfræðingafélags Íslands. Markmið niðurstöðu nefndarinnar var að mæta þörfinni á mannvirkjamarkaði fyrir skjóta og vandaða úrlausn deilumála og efla núverandi kerfi. Sagði Jóhanna að VFÍ muni áfram

Ný stjórn VFÍ


Að þessu sinni var sjálfkjörið í stjórn VFÍ. Ný stjórn eru Guðrún Sævarsdóttir, meðstjórnandi og Jakob Ágústsson, varameðstjórnandi. Egill Þórðarson, var endurkjörinn. Auk þeirra þriggja sem hér hefur verið getið sitja í stjórn VFÍ: Jóhanna Harpa Árnadóttir, formaður, Sveinbjörg Sveinsdóttir, Ragnar K. Pálsson og Magnús Gíslason.



Bílskúrshurðir fyrir íslenskar aðstæður

Héðins hurðir hafa sýnt sig og sannað í árána rás. Fyrsta flokks viðhalds- og varahlutabjónusta tryggir langan lífdaga.

≡ HÉÐINN ≡



UMSÓKNARFRESTUR
ER TIL **31. MAÍ**

GRUNNNÁM TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILD HR

VERKFRÆÐI TIL BSc-PRÓFS

- Fjármálaverkfræði
- Heilbrigðisverkfræði
- Vélaverkfræði
- Hátækniverkfræði
- Rekstrarverkfræði

Nám til BSc-gráðu í verkfræði er 180 ECTS einingar og tekur 3 ár. Nám til MSc-gráðu, til að öðlast full starfsréttindi sem verkfræðingur, er 120 ECTS einingar og tekur 2 ár til viðbótar.

TÆKNIFRÆÐI TIL BSc-PRÓFS

- Byggingartæknifræði
- Vél- og orkutæknifræði
- Rafmagnstæknifræði
- Iðnaðartæknifræði

Nám til lokaprófs í tæknifræði er 210 ECTS einingar og tekur 3½ ár. Megináhersla er lögð á að nemendur vinni hagnýt og raunhæf verkefni sem byggja á þekkingu úr atvinnulífinu.

FJARNÁM Í IÐNFRÆÐI OG BYGGINGAFRÆÐI

- Byggingariðnfræði
- Rafiðnfræði
- Véliðnfræði

Iðnfræði er hagnýtt 90 ECTS eininga nám á háskólastigi. Markmið námsins er að styrkja stöðu nemenda á vinnumarkaði og gera þá hæfari til að takast á við fleiri og fjölbreyttari störf. Iðnfræði er eingöngu kennd í fjarnámi.

- **Rekstrariðnfræði** er 30 ECTS einingar í fjarnámi og er eingöngu ætlað þeim sem lokið hafa byggingar-, vél- eða rafiðnfræði.
- **Byggingafræði BSc** er 120 ECTS eininga viðbót við byggingariðnfræði og er kennd í fjarnámi.

IÐNAÐARTÆKNIFRÆÐI BSc

NÝSKÖPUN
FRAMLEIÐSLUSTJÓRNUN
VÖRUPRÓUN
REKSTUR
VERKEFNASTJÓRNUN



„Námið var krefjandi og skemmtilegt, en umfram allt fjölbreytt og nýttist vel á vinnumarkaði. Iðnaðartæknifræðin er mjög þverfaglegt nám sem

sambættir vel tækniþekkingu, rekstrarþekkingu og mannleg samskipti. Um 3/4 námsins er tekið í tækni- og verkfræðideild og um 1/4 í viðskiptadeild.“

Kristján H. Flosason iðnaðartæknifræðingur.

Kynntu þér námið á www.hr.is/tvd



Fjölbreytt meistaranám í verkfræði við Háskólann í Reykjavík

Háskólinn í Reykjavík er tækniháskóli

Árið 2008 útskrifuðust um tveir þriðju tæknimenntaðra á Íslandi úr Háskólanum í Reykjavík. Um helmingur nemenda í HR er í tækninámi – verkfræði, tæknifræði, iðnfræði eða tölvunarfræði. Það er því útbreiddur misskilningur að HR sé fyrst og fremst viðskiptaháskóli og okkur sem vinnum í tæknideildum HR er það kappsmál að þetta viðhorf til HR breytist.

Þessi misskilningur á sér skýringar, og þá helstu að styrkur Tækni- og verkfræðideildar HR hefur aukist gríðarlega á örfáum árum og margir hafa því úrelta mynd af því hver er helsti styrkur og áherslur HR.

Hver hefði trúað því árið 2005 að fyrrum tæknideild Tækniháskóla Íslands sem útskrifaði nemendur úr iðnfræði og BSc tæknifræði, myndi fimm stuttum árum síðar vera með þrisvar sinnum fleiri nemendur, öflugt meistaranám á fjórum fagsviðum og hafa fengið mjög jákvætt mat alþjóðlegrar sérfræðinganeftar um heimild til að útskrifa nemendur með doktorsgráðu í verkfræði?

Í dag eru starfandi 45 kennarar í Tækni- og verkfræðideild, þar af um 34 sem eru virkir í rannsóknum og birta niðurstöður sínar alþjóðlega. Meirihluti akademískra starfsmanna er á fyrrihluta rannsóknar- og kennsluferla sinna og eru mun fleiri lektorar við störf heldur en samanlagður fjöldi dósenta og prófessora. Það er því nægt rúm fyrir deildina til að styrkjast með því að starfsmenn vaxi í starfi. Um fjórðungur kennara er af erlendu bergi brotinn sem gerir andrúmsloftið fjölbjóðlegt og skapar virk tengsl við erlenda háskóla.

Rannsóknarvirgni deildarinnar, mæld í fjölda birtinga á ritrýndum vettvangi, hefur vaxið í um 3,8 birtingar að meðaltali á mann á ári. Það er sama hvernig tölum um birtingar er velt, allir mælikvarðar um



Brynjar Karlsson, forstöðumaður framhaldsnáms og rannsókna, Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík.

virgni stefna hratt uppá við, það eru fleiri birtingar í heild, fleiri ISI greinar, fleiri birtingar á hvern rannsakanda, birtingum fjölga hjá starfsmönnum þegar þeir eru ráðnir til starfa í deildinni og virkt samstarf við aðrar stofnanir lýsir sér í fjölda meðhöfunda á greinum. Fé sem rannsakendur í TVD afla úr samkeppnisjóðum eykst ár frá ári. Á þessum mælikvörðum getum við borið okkur kinnroðalaust saman við aðrar deildir á sama sviði hér á landi og víðar.

Það sem er kannski mikilvægast er að þetta hefur allt tekist án þess að tæknifræðin, upprunalegur styrkur og kjarni Tækni- og verkfræðideildar, hafi borið skarðan hlut frá borði. Í tæknifræði við HR eru í dag skráðir fleiri nemendur en nokkru sinni fyrr í 50 ára sögu tæknifræðináms á Íslandi.

Meistaranám á fjórum fagsviðum

Helsti vaxtarbroddur hefur á undanförunum árum verið uppbygging meistaranáms. Árið 2006 hófst meistaranám í byggingarverkfræði sem var byggt upp af miklum myndarskap af Ingunni Sæmundsdóttur, nú forstöðumanni grunnnáms í deildinni. Síðan hafa jafnt og þétt bæst við námsbrautir sem leiða beint af grunnáminu í deildinni á fjármála og rekstrarsviði, heilbrigðissviði og véla- og rafmagnssviði. Einnig er rekur deildin REYST „Graduate school of sustainable energy“ í samvinnu HÍ og Orkuveitu Reykjavíkur. Nú geta allir nemendur sem ljúka BSc námi í verkfræði eða tæknifræði fundið framhaldsnám við sitt hæfi innan Tækni- og verkfræðideildar HR.

Mikið er spurt um hvort tæknifræðingar geti innritast í MSc í verkfræði. Það geta þeir að sjálfsögðu gert. Við þekkjum mjög vel bakgrunn og styrkleika tæknifræðinga

og getum þess vegna sett upp brýr til að þeir geti lokið meistaranámi í verkfræði á svipuðum tíma og þeir sem hafa BSc próf í verkfræði. Eftir atvikum þurfa tæknifræðingar að bæta við sig námskeiðum í stærðfræði og raungreinum og hugsanlega fleiri greinum ef að þeir eru að skipta um fagsvið. Á móti kemur að tæknifræðingar hafa lokið BSc prófi með fleiri einingum (210 ECTS) en þeir sem ljúka BSc prófi í verkfræði (180 ECTS). Þessar einingar má oft meta, allt eftir eðli námsins sem þeir eru að hefja og námsárangri í fyrra námi.

Meistaranámið er eins og áður segir á fjórum fagsviðum. Mögulegt er að ljúka námi með vel skilgreinda sérhæfingu innan tiltekins sviðs eða að blanda saman námskeiðum þannig að úr verði mjög þverfaglegt nám. Námsbrautirnar byggja oftast en ekki á því að nokkrir kennarar deildarinnar hafa sameiginlegan styrk og áhuga á viðkomandi sérsviði. Nemendur eru hvattir til að taka valnámskeið úr öðrum deildum HR og einnig til að taka hluta námsins sem skiptinám erlendis.

Námið er rannsóknatengt og allir vinna rannsóknartengt verkefni í a.m.k. eitt misseri (30 ECTS). Nemendur geta þó valið að taka stærra rannsóknarverkefni (60 ECTS) oftast í tengslum við rannsóknarverkefni sem kennarar deildarinnar vinna að.

Langflestum námsbrautum í framhaldsnámi tækni- og verkfræðideildar lýkur með meistaraþrófi í verkfræði. En sumar námsbrautirnar geta einnig hentað fólki með annan BSc/BA bakgrunn en verkfræði eða tæknifræði. Þeir sem leggja stund á MSc í skipulagsfræði og samgöngum eða MSc í framkvæmdastjórnun hafa t.d. margir lokið BSc/BA námi í landfræði, umhverfisfræði,

Meistaranámsbrautir í Tækni- og verkfræðideild HR

- MSc í verkfræði:
 - Byggingarverkfræði
 - Ákvarðanaverkfræði
 - Fjármálaverkfræði
 - Rekstrarverkfræði
 - Heilbrigðisverkfræði
 - Vélaverkfræði
 - Rafmagnsverkfræði
 - Orkuverkfræði
- MSc í skipulagsfræði og samgöngum
- MSc í framkvæmdastjórnun
- MSc í verkfræðilegum lífvísindum


byggingafræði eða arkitektúr. Meistaránám í verkfræðilegum lífvísindum er mjög rannsóknamiðað nám í magnbundnum lífvísindum sem fólk með bakgrunn í líf- og heilbrigðisvísindum sækir.

Um 100 nemendur eru nú skráðir í meistaranám í Tækni- og verkfræðideild HR. Fyrsta stóra útskriftin úr náminu fer fram í vor en þá munu um 25 nemendur útskrifast. Líklegt er að um 50 nemendur útskrifist árlega með meistaraþróf úr deildinni þegar farið verður að útskrifa af öllum námsbrautum.

Styrkir og aðstoðarkennsla

Frá upphafi hefur stefna Tækni- og verkfræðideildar mótast af því að gæði í rannsóknum og kennslu skiptu meira máli en magn. Skólagjöld eru innheimt í HR og er allt kapp lagt á að nýta aukid fjárhagslegt svigrúm deildarinnar til að veita sem besta þjónustu m.a. með frábæru nýju húsnæði og erlendum gestakennurum sem styrkja kennsluna og auka breiddina í rannsóknum.

Okkur er mikið í mun að fá sem besta nemendur og höfum við því mótað styrkjaferfi þar sem afburðanemendur fá styrki



Yfirlit um heildarfjölda birtinga á ritrýndum vettvangi (tímarit, ráðstefnurit, bókarkafar) allra rannsóknarvirkra starfsmanna Tækni og verkfræðideildar (lektorar, dósentar, prófessorar, aðjúnktar, sérfræðingar, nýdoktorar). Greinar þar sem tveir höfundar eru innan deildar eru tvítaldar.

sem nema upphæð skólagjalda. Þessir styrkir eru kallaðir forsetastyrkir og skiptast í tvennt: Sérstakur forsetastyrkur sem samsvavar skólagjöldum allan námstímamann og svo forsetastyrkur sem nemur skólagjöldum í eitt misseri. Þeir sem hafa hlotið forsetastyrki njóta forgangs varðandi aðstoðarkennslu sem

felst í því að nemandi tekur þátt í kennslu í grunnnámi sem reynist mörgum dýrmæt reynsla. Nánari upplýsingar má fá á síðunni www.hr.is/tvd/msc/styrkir.

Brynjar Karlsson, forstöðumaður framhaldsnáms og rannsókna, Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík.

Ferð BVFÍ í Landeyjahöfn

Um 20 félagsmenn tóku þátt í vettvangsferð BVFÍ í Landeyjahöfn laugardaginn 8. maí. Hópurinn naut leiðsagnar sérfræðinga Siglingastofnunar og þáði hádegisverð hjá Suðurverki sem er verktaki framkvæmdarinnar. Í leiðinni var aðalfundur BVFÍ haldinn í vinnubúðum Suðurverks. Sem nýir meðlimir í stjórn voru kjörin þau Ingibjörg Guðmundsdóttir og Smári Ólafsson í stað þeirra Péturs Bjarnasonar og Skúla Þórðarsonar sem lokið hafa

tveggja ára setu í stjórn. Þau mynda nýja stjórn ásamt þeim Böðvari Tómassyni og Herði Bjarnasyni sem sitja sitt annað starfsár, en Böðvar verður jafnframt formaður nýrrar stjórnar. Á heimleið var ekið inn að Þórólfsfelli þar sem útsýnis yfir eldgos í Eyjafjallajökli og ummerki þess á Gígjökli og Markarfljótsaurum var notið í blíðskaparveðri.



Spáð og spekúlerað. Gosmökkurinn í baksýn. (Mynd: Skúli Þórðarson).



Viðlegukantur. (Mynd: Bjarni Guðmundsson).



Grjótnámur í Kattarhrygg í Seljalandsheiði. Efnismagnið sem þarf í svo öflug mannvirki er alls um 1,3 milljón tonn af grjóti en heildarmagnið í verkinu er um 2 milljónir tonna. (Mynd: Bjarni Guðmundsson).



Landeyjahöfn verður varin með 600 metra löngum bogadregnum brimvarnargörðum úr grjóti. Hafnarmynnið verður 70 m breitt og inn af því 600 metra löng innsiglingarrenna. (Mynd: Bjarni Guðmundsson).



Engjaási 2 | 310 Borgarnesi
Sími 433 9000 | loftorka@loftorka.is



FRÁ MÓTUN
AÐ MANNVIRKI
av@almenna.is - www.almenna.is



CAD ehf
Skúlagata 10 - 101 Reykjavík
S: 552 3990 - www.cad.is - cad@cad.is



Danfoss hf.
SKÚTUVOGI 6 SÍMI 510 4100
www.danfoss.is



Eiðistorgi 15, Seltjarnarnesi
Sími 552 6825 · Fax 552 6434
Gsm 895 7289 · verkonn@simnet.is



Suðurlandsbraut 4A - 108 Reykjavík
sími: 412 6000 - fax: 412 6001 - www.efla.is - efla@efla.is



Iðnaðar- og eldvarnarhurðir
Ármúla 42, 108 Rvk.
S: 553 4236 - www.glofaxi.is



Ármúla 16 - 108 Reykjavík
Sími: 552 2222 - Fax: 562 4966
hitastyring@hitastyring.is



Ástmaravegi 42, 800 Selfoss Ísland
Tél: 354 482 2001 F: 354 482 3818
E-mail: vgs@vgs.is



Háaleitisbraut 58-60 • 108 Reykjavík • S: 570 0500 • www.hnit.is



Sími: 422 4200
Netfang: hs@hs.is
Vefsíða: www.hs.is



Dragháls 14 - 16 · 110 Reykjavík
Sími, 4 12 12 00 · www.isleifur.is



Aðalgötu 21 · 550 Sauárkróki
Sími 453 5050 Fax 453 6021
stod@simnet.is




Bíldshöfða 12, 110 Reykjavík
sími 587 6666 - fax 567 3624
www.isloft.is - isloft@isloft.is



Við mælum með því besta



Smiðjuvegi 74 - 200 Kópavogur
Sími 515 8701 - www.funi.is - funi@funi.is



Hönnunar- og ráðgjafarstofa / FRV
Hamraborg 12, 200 Kópavogur, Ísland
sími+354 564 5252 fax+354 564 5251
lt@lagnataekni.is www.lagnataekni.is



Grenásvegi 1, 108 Reykjavík
Sími 422 3000 / Fax: 422 3001
mannvit@mannvit.is / www.mannvit.is



www.varmi.is
Sími: 551 7560 • FAX: 562 4110 • varmi@varmi.is



Sími 569-2100 - hedinn.is



Gólfefni og skrifstofutækni
SÍÐUMÚLA 12-14 - Sími: 510-5500



Stangarhyl 1A • 110 Reykjavík • Ísland
www.rafstjorn.is



www.nmi.is



Sökkull ehf.

Funahöfða 9
110 Reykjavík
S: 5776100
Fax: 5776104
www.sokkull.is
sokkull@sokkull.is



Kirkjuvegi 23 • 900 Vestmannaeyjum
Sími 481-2711 • www.teiknistofa.is



Suðurlandsbraut 4A - 108 Reykjavík
sími: 412 6000 - fax: 412 6001 - www.efla.is - efla@efla.is



VERKFRÆÐISTOFA
AUSTURLANDS



Síðumúli 1 • 108 Reykjavík • Sími 560 5400 • Fax 560 5410 • www.vj.is



Verkfærðistofa
Norðurlands ehf



Ármúla 4 | 108 Reykjavík
Sími: 422 8000 | www.verkis.is | verkis@verkis.is



BÆJARHRAUNI 20 • 220 HAFNARFJÖRÐUR



Borgartúni 20, 105 Reykjavík
sími: 585 9000, fax: 585 9010
netfang: vso@vso.is
heimasíða: www.vso.is

Staða mála hjá Lífeyrissjóði verkfræðinga

Frammistaða stjórnar og fyrrverandi framkvæmdastjóra

Það kom fram á aðalfundi Lífeyrissjóðs verkfræðinga þann 20. apríl, að ástæðan fyrir uppsögn framkvæmdastjóra í desember s.l. var fyrst og fremst slök ávöxtun sjóðsins. Það er að sumu leyti gleðiefni og að sumu leyti leitt að heyra. Það er gleðiefni vegna þess að þá er búið að hreinsa mannorð mannsins, en leitt, að svo geðþekkur og fær maður skyldi þurfa að hætta. Slök upplýsingagjöf frá sjóðnum hafði leitt til þess að ýmsar sögur komust á kreik og spurningar vöknudu.



Egill Þórðarson verkfræðingur.

meðalraunávöxtun hluta-brefa á Bandaríkjamarkaði 1871-2000 er aðeins 4,7%.¹

Hver er eðlileg ávöxtunarkrafa?

Ávöxtun fer eftir áhættu. Meiri ávöxtun – meiri áhætta. Hlutabréfum fylgir að öðru jöfnu meiri áhætta en skuldabréfum, en þó er það ekki algilt. Ávöxtun

hlutabréfa gengur mjög í bylglum og getur dottið niður í plús/mínus örfá prósent á tíu ára tímabili, en getur líka orðið 15-20% á jafnlöngu tímabili. Fólk þarf því að gera sér grein fyrir, að fjárfesting til langs tíma er 10 ár og lengur, en ekki til örfárra mánaða eins og sumir virðast halda.

En við hvað ber þá að miða ávöxtunarkröfu? Væri hugsanlegt að miða hana við hagvöxt hvers lands, þannig að árið á eftir góðum hagvexti væri eðlilegt að ætlast til góðrar ávöxtunar? Ég læt duga að varpa fram þessum spurningum og vona, að þeim verði svarað á komandi sjóðfélaga-fundi.

Bæta þarf upplýsingastreymi

Á fyrrnefndum aðalfundi Lífeyrissjóðsins var mikið kvartað yfir skorti á upplýsingum og það var augljóst, að fólki lá mikið á hjarta. Fundurinn stóð hátt í fjórar klukkustundir og mikil óánægja sjóðfélaga var greinileg. Annars hefði vantrausts-tillagan ekki hlotið svona mikið fylgi. Þar kom auðvitað til slök ávöxtun sjóðsins í kjölfar bankahrunsins. En það er fleira, sem liggur á fólki. Það virðist vanta tengsl milli lífeyrissjóðsins og sjóðfélaga. Er ef til vill lausn á því?

Það þarf að skapa vettvang til skoðana-skipta. Sjóðfélagar þurfa að eiga möguleika á að láta skoðanir sínar í ljós vitandi það, að á þá verði hlustað. Það mætti gera með samskiptasíðu í tengslum við heimasíðu sjóðsins. Einnig er nauðsynlegt, að stjórn

og framkvæmdastjórn kynni reglulega á vefsíðu sjóðsins stefnu og stöðu hans áður en komið er í óefni. Einnig er möguleiki á að fræða sjóðfélaga um heim fjárfestinga með greinum eða tilvitnunum. Bezt er, ef hægt væri að skiptast á skoðunum gegnum vefinn. Þannig vinnst tvennt, upplýsinga-streymið eykst og sjóðfélagar fá vettvang fyrir skoðanaskipti.

Kosning nýrra stjórnarmanna

Á aðalfundum hefur það tíðkastað, að fólk bjóði sig fram, af því að því dettur það skyndilega í hug. Þeir, sem eru vanir að tala fyrir hópi af fólki, eiga auðvitað bezta möguleika. En hvað vita fundarmenn um þessa tilvonandi stjórnarmenn, sem koma svo vel fyrir? Það tíðkast í ýmsum lífeyrissjóðum að gefa frambjóðendum allt að vikufrest fyrir aðalfund að kynna sig og hæfni sína til stjórnarstarfa. Ég tel, að það fyrirkomulag sé til fyrirmyndar. Það mætti gera með smágrein um hvern frambjóðanda á vefsíðu Lífeyrissjóðs verkfræðinga. Það er engin nauðsyn að breyta samþykktum sjóðsins til þess. Það þarf einfaldlega að gera þetta að vinnureglu hjá Lífeyrissjóðnum.


Sumir kunna að telja þetta óþarfa, því að hæfni og bakgrunnur verðandi stjórnarmanna sé alltaf kannaður áður en þeir taka til starfa. En er nýkosnum stjórnarmönnum virkilega aldrei hafnað eftir á? Er þá ekki ágætt að koma í veg fyrir þann möguleika fyrirfram og geta tekið upplýsta ákvörðun um kjör á stjórnarmönnum?

Annað veldur mér nokkrum heilabrotum. Hvernig getur verðandi stjórnarmaður úthúðað fyrri stjórn og verið skömmu síðar kosinn til að starfa með henni? Það er ekki sama, hvernig talað er um þá, sem maður ætlar að starfa með.

Egill Þórðarson verkfræðingur.

1. Irrational Exuberance e. Robert J. Schiller, New Jersey 2000, bls. 13.

Lífeyrissj. verkfr. sem hlutfall af heild



En er eitthvað hæft í frásögn af lakri frammistöðu fyrrverandi framkvæmdastjóra? Gat stjórnin gripið í taumana fyrr? Hver sem ástæðan var, er staðreynd, að Lífeyrissjóður verkfræðinga hefur staðið sig verr en hinir lífeyrissjóðirnir innan Landssambands lífeyrissjóða undanfarin ár. Það sést vel á línuriti, sem unnið er upp úr nokkrum starfsskýrslum sambandsins og sýnir eign Lífeyrissjóðs verkfræðinga 2003-2008 í samanburði við heildareign lífeyrissjóðanna allra.

Á fundinum dró formaður enga fjöður yfir þá staðreynd, að rýra þyrfti að nýju lífeyrissjóðinum eftir tvö ár – verulega í viðbót við þær tvær 10% skerðingar, sem þegar hafa orðið. Þá er samt gert ráð fyrir 7% ávöxtun sjóðsins á ári. Er það raunhæf ávöxtun? Svarið hlýtur að vera nei, því að

Para 2010 – Reikningar með ofurtölvum

Alþjóðleg ráðstefna, Para 2010, um reikninga með ofurtölvum verður haldin í Háskóla Íslands dagana 6. – 9. júní. Ráðstefnunefndin hefur ákveðið að Íslendingar geti tekið þátt í ráðstefnunni fyrir hálf gjald, eða kr. 38.000. Er þá allt innifalið; ferð, ráðstefnukvöldverður og ráðstefnugögn. Allar nánari upplýsingar eru á vefsíðu ráðstefnunnar, <http://vefir.is>

hi.is/para10. Þeir sem vilja nýta sér tilboðið eru beðnir um að skrá sig á síðunni fyrir 20. maí, setja í athugasemdareit ósk um „Íslenskt gjald“ og gefa upp hvert á að senda reikninginn. Nemendur geta skráð sig fyrir hálf nemendagjald, eða 25 þúsund krónur.

Auk þess er háskólanemum sem ekki eiga sjóð eða bakhjarl sem getur greitt

fyrir þá boðið að mæta á fyrirlestra ráðstefnunnar án greiðslu gegn því að vera reiðubúin að aðstoða við ráðstefnuhaldið, sem verður ekki mjög íþyngjandi. Þeir sem ætla að nýta sér þetta tilboð eru beðnir um að skrá sig líka á ráðstefnusiðunni og skrifa í athugasemdareit: „Skráning nemanda gegn aðstoð“.

Að taka á málum

Margir kannast við slagorð íþróttavöruframleiðandans Nike; "Just do it" sem kannski mætti snara á íslensku sem "láta bara vaða." Þetta slagorð hefur verið einkennandi fyrir verklag í ýmsum fyrirtækjum og stofnunum á Íslandi. Á útrásarárunum var því oft haldið fram að það eðlisfar íslenskra athafnamanna að „láta bara vaða“ en verja ekki löngum tíma í að spá og spekulera væri ein helsta skýringin á frábærum árangri og landvinningum þessara manna í útlöndum nær og fjær. Slík ummæli og ályktanir eru vitaskuld hlægileg í ljósi atburða síðustu missera. Okkur er þó ekki hlátur í hug þegar við stöndum frammi fyrir afleiðingunum, snarhækkaðri greiðslubyrði lána, hækkanði verðlagi, rýrnun kjara, atvinnu-missi og vaxandi óryggi varðandi afkomu og framtíð.

Ekki verður dvalið hér við hrakfarir okkar í hinni svokölluðu útrás en sjónum beint að brýnum viðfangsefnum sem þola enga bið hjá íslenski þjóð. Sem sérfræðingur í verkefna- og gæðastjórnun, en leikmaður á sviði stjórn mála, hef ég á undanförunum mánuðum oft leitt hugann að því hvort aðferðafræði verkefnastjórnunar gæti nýst við endurreisn innviða okkar og uppbyggingu hins svonefnda nýja Íslands. Ekki vil ég fella dóma um þá aðferðafræði sem beitt er innan stjórnsýslunnar - enda er varhugavert að draga almennar ályktanir af því sem lesa má í blöðum og heyra og sjá má í ljósvakamiðlum. Hins vegar gæti verið áhugavert fyrir ráðamenn, stjórnmalamenn og starfsmenn stjórnarráðsins, að kynna sér hvernig staðið væri að dæmigerðu hagræðingarverkefni í opinberum rekstri ef aðferðum verkefnastjórnunar væri beitt. Eftirfarandi umfjöllun um tilbúið dæmi ber því að skoða sem sýnidæmi en skilaboðin eru mjög almenns eðlis.

Gefum okkur að til standi að hagræða hjá ráðuneyti með því að sameina tvær stofnanir sem tilheyra ráðuneytinu. Verkefnið hefst því með ákvörðun um að ráðast í það og því lýkur þegar sameiningin er um garð gengin og reynsla er fengin til að meta árangur. Helstu áfangar í þessu ferli gætu verið eins og sýnt er á myndinni.



Verður nú vikið í fáum orðum að því sem gæti gerst í sérhverjum áfanga.

Skilgreining

Verkefnið hefst með pólitískri ákvörðun um að skoða málið í fullri alvöru - og skipan verk-

efnisstjóra. Umboð og ábyrgð hans eru vel skilgreind. Stofnaður er verkefnishópur sem vinnur að málinu undir stjórn verkefnisstjórans. Eftir atvikum koma að starfi hans starfsmenn ráðuneytis, starfsmenn stofnananna og hugsanlega ytri ráðgjafar. Viðfangsefni verkefnishópsins er að gera vandaða faglega könnun á hagkvæmni sameiningarinnar, sem verður grundvöllur að ákvörðun um framhald. Í því felst meðal annars að skilgreina þá mælikvarða sem notaðir eru til að taka ákvörðun um verkefnið og fylgjast með framvindu þess og árangri. Afla þarf upplýsinga sem víðast, meðal annars frá viðskiptavinum stofnananna. Stýrihópur verkefnisins fylgist með framvindu þess en skiptir sér þó ekki af daglegum störfum. Stýrihópurinn tekur að lokum ákvörðun um framhaldið, til dæmis hvort halda beri áfram með sameininguna þegar fyrstu niðurstöður liggja fyrir, eða hvort betra sé að láta staðar numið.

Áætlanagerð

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um að halda áfram þarf að gera vandaða áætlun um áframhaldið. Notast má við sama stjórnskipulag verkefnisins, verkefnisstjóri stýrir verkefninu undir yfirstjórn stýrihóps. Samsetning verkefnishópsins getur verið hliðstæð en mikið er lagt upp úr að fá lykilstarfsmenn stofnananna inn í starf verkefnishópsins á þessu stigi. Ástæða þess er sú að nú er komið að því að kortleggja hvernig starfsemi hinnar sameinuðu stofnunar á að líta út, hanna stjórnskipulag hennar og upplýsingakerfi og helstu ferli og ákveða húsnáskipan og fyrirkomulag. Einnig að ákvarða með hvaða hætti innleiðingin á að eiga sér stað, til dæmis ákveða hvernig staðið skuli að þjálfun starfsmanna og upplýsingagjöf til viðskiptavina. Áætlanagerðin endar á því að stýrihópur tekur formlega ákvörðun um að ráðast í innleiðinguna.

Innleiðing og upphaf rekstrar

Þegar ákvörðun stýrihóps um innleiðingu liggur fyrir er einnig búið að kortleggja nákvæmlega hvernig hún á að fara fram. Nú er þeirri áætlun hrint í framkvæmd. Stjórnskipulag verkefnisins gæti tekið breytingum á innleiðingarstigi. Nú er að líkindum búið að ráða æðsta yfirmann hinnar nýju stofnunar og eðlilegt er að hann stýri innleiðingunni, í umboði stýrihópsins. Hann tekur því við hlutverki verkefnisstjóra, en honum til aðstoðar og ráðgjafar starfar upphaflegi verkefnisstjórn. Samsetning verkefnishópsins hefur breyst enda hefur verkefnið tekið stakkaskiptum og fer nú fram innan veggja hinnar sameinuðu stofnunar. Innleiðingu er lokið þegar stofnunin hefur verið rekin um skeið og starfsemi hennar hefur náð jafnvægi. Stofnunin er nú farin að sinna hlutverki sínu gagnvart viðskiptavinum og innra starf hennar er komið í gott jafnvægi.

Skilamat og lúkning

Skilamat verkefnisins fer m.a. fram með því að skoða þá mælikvarða sem skilgreindir voru í upphafi verkefnisins til að meta árangur þess. Almennar ályktanir af verkefninu geta nýst innan stjórnsýslunnar við hliðstæð verkefni og því skiptir miklu að draga saman alla reynslu, góða og slæma. Þetta ætti að vera síðasta hlutverk hins upphaflega stýrihóps og upphaflegi verkefnisstjórnin gæti verið vel til þess fallinn að stjórna þeirri samantekt og kynningu á niðurstöðum. Að lokum er verkefninu lokað formlega með viðhöfn, og aðstandendum þess þökkúð vel unnin störf.

Ofangreint ferli er ekki flókið í uppbyggingu. Miklu skiptir að tiltekna grunnreglur séu í heiðri hafðar.


- Markmið verkefnisins eru mælanleg og skýr og þau eru öllum ljós, bæði starfsfólki og viðskiptavinum.
- Ákvarðanir í verkefninu eru byggðar á staðreyndum. Þegar staðreyndir liggja ekki fyrir er þeim safnað með öflun og greiningu upplýsinga.
- Stjórnskipulag verkefnisins er einfalt og gagnsætt. Hlutverk og ábyrgðarskipting eru vel skilgreind og samræmi er milli ábyrgðar og umboðs.
- Miðlun upplýsinga í verkefninu er markviss og skilvirk til að lágmarka óvissu meðal þeirra er tengjast verkefninu.
- Unnið er samkvæmt áætlunum en óskir um breytingar á þeim eru meðhöndlaðar sérstaklega og m.a. skoðað hvaða áhrif þær hafi á verkefnið og hvað þær kosta. Ef vilji er til að gera breytingar eru þær samþykktar með formlegum hætti af stýrihópi.

Til að svara þeirri spurningu sem ég setti fram í upphafi er það vissulega niðurstaða mín að íslensk fyrirtæki og stofnanir verði að notast við reyndar aðferðir verkefnastjórnunar og efla vitund sína og þekkingu á því sviði. Sú aðferðafræði sem hér hefur verið lýst er einfölduð framsetning á því hvernig takast mætti á við dæmigert verkefni innan stjórnsýslunnar. Að síðustu vil ég áreita að til að árangur náist er algerlega nauðsynlegt að þjálfar starfsmenn í aðferðafræði verkefnastjórnunar. Ekki síst á það við um yfirmenn. Ég vil benda á að til að þessi öflug verkfæri komi að notum þurfa æðstu yfirmenn og lykilstjórnendur að hafa þekkingu, vera áhugasamir, móttækilegir og viljugir til að beita þeim. Þeir þurfa til dæmis að vera tilbúnir til að gegna - eftir atvikum - hlutverki í stýrihópi verkefna en ekki í daglegri stjórnun þeirra. Þetta getur verið erfið ákvörðun ef menn hafa ekki trú á aðferðafræðinni, skilja hana ekki og sjá hana einungis sem ógnun við völd sín og frumkvæði.




Autodesk®
Silver Partner

HVAÐ EF ÞÍN HÖNNUN HAFÐI
ENGIN TAKMÖRK



CAD ehf
Skúlagata 10, 101 Reykjavík - www.cad.is



Sparaðu þér sporin og notfærðu þér nýjustu tækni við mælingar.

TRIMBLE S8 ALSTÖÐIN



„Fram og til baka“ Örugglega óvinsælustu orð hvers mælingamanns. Nema ef til vill „mæla aftur“.

Trimble® VISION™ tæknin eykur framleiðni Trimble S8 Alstöðvarinnar gríðarlega með því að fækka ferðum til og frá stöðvar.

Frá gagnatökknum geturðu nú séð allt það sama og stöðin sér. Til hvers að ganga til baka?

Með hinu mikla langdrægi stöðvarinnar geturðu nú staðið þurr í fætturna og notað gagnastokkinn til að miða, mæla og vista mælingu í prismausan mælipunkt – meira en tvöfalda þá vegalengd sem þú ert vanur.

Trimble S8 stöðin gefur þér einnig lifandi mynd ásamt mældum gögnum á skjánum, til að staðfesta að búið sé að mæla samkvæmt áætlun. Með mynd ásamt mæligögnum hefurðu sjónræna staðfestingu á öllum mælingum áður en haldið er heim.

Trimble VISION er nýjasta viðbótin í nýstárlegri runu nýjunga frá Trimble til að auka framleiðni í mælingum úti í mörkinni, á skrifstofunni og hvar sem verkefni þín krefjast.

